



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning
29. desember 2025

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fyrsti ársfjórðungur 2026

- Á fyrsta ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **40-60** ma.kr. að söluvirði.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og mun stærð þeirra og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Möguleiki er á skiptiútboðum á RIKS 26 0216 og RIKB 26 1015 á fjórðungnum.

Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2026 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 200 ma.kr. að söluvirði á árinu¹. Þannig verður ríkisbréfaútgáfa áfram uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs. Jafnframt kemur til greina að mæta lánsfjárpörf ríkissjóðs á árinu að hluta til með ríkisvíxlaútgáfu, hagnýtingu erlendra innstæðna á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands og sölu hluta lánasafns Húsnæðissjóðs.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Útgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi er áætluð á bilinu **40-60** ma.kr.

Skiptiútboð – uppkauþ

Til greina kemur að vera með skiptiútboð á RIKS 26 0216 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Jafnframt er möguleiki á beinum kaupum á flokknum á eftirmarkaði. Á fjórðungnum kemur einnig til greina að hefja skiptiútboð með RIKB 26 1015. Ávöxtunarkjör og aðstæður á markaði munu ráða því hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðunum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

¹ Við útreikning á söluvirði er notað hreint verð (clean price) að viðbættum áföllnum verðbótum, þ.e. söluvirðið er metið án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvígla

Útgáfa ríkisvígla er mikilvægur liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs. Tímalengd víglanna getur numið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði. Sveigjanleiki í víglaútgáfu er mikilvægur og til greina gæti komið að bæta við útboðum umfram þau sem fram koma í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvígla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Lánamála ríkisins, netfang: lanamal@lanamal.is